

Svar

ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra við fyrirspurn frá Albertínu Friðbjörgu Elíasdóttur um stuðning við nýsköpun.

1. *Hver hefur verið þróun framlaga til stoðkerfis nýsköpunar síðustu 10 ár? Hvernig hafa þau framlög skipst eftir landshlutum?*

Opinberu stuðningsumhverfi nýsköpunar sem heyrir undir ráðuneyti ferðamála, iðnaðar og nýsköpunar má í grunninn skipta í fernt, þ.e.:

- a. *Samkeppnis- og styrktarsjóðir*, af þeim er Tækniþróunarsjóður stærstur og veitti hann samtals 730 styrki fyrir alls 13.481.349 þús. kr. á árabílinu 2009–2018. Yfirlit yfir styrki og sjóði á vegum ráðuneytisins má sjá á vefsíðunni:
<https://www.stjornarradid.is/default.aspx?PageID=511b979b-3866-11e6-80c7-005056bc217f>
- b. *Endurgreiðslur kostnaðar vegna rannsókna og þróunar* samkvæmt lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, nr. 152/2009, en markmið laganna er að efla rannsóknir og þróunarstarf og bæta samkeppnisskilyrði nýsköpunarfyrirtækja. Lögin heyra undir fjármála- og efnahagsráðuneyti en framkvæmd er á vegum ýmissa aðila, m.a. Tækniþróunarsjóðs.
- c. *Nýsköpunarmiðstöð Íslands (NMÍ)*, en fjölþætt starfsemi hennar felst í að miðla þekkingu og veita stuðningsþjónustu fyrir frumkvöðla og sprota- og nýsköpunarfyrirtæki, stunda tæknirannsóknir, þróun, greiningar, prófanir, mælingar og vottanir.
- d. *Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins*, en hlutverk sjóðsins er að stuðla að uppbyggingu og vexti íslensks atvinnulífs með því að taka þátt í fjárfestingum í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum.

Nýverið voru kynnt áform um stofnun Kríu frumkvöðlasjóðs sem hefur þann tilgang að vera hvati vísifjárfestinga (e. Venture Capital). Kría frumkvöðlasjóður er hugsaður sem hvatasjóður sem fjárfestir í vísisjóðum sem mun auka aðgengi að fjármagni og tryggja samfelli í fjármögnunarumhverfi frumkvöðla og nýsköpunar.

Að auki koma stofnanir og stuðningskerfi á vegum annarra ráðuneyta að nýsköpun og má þar nefna Byggðastofnun og Íslandsstofu.

Hér á eftir er farið yfir þróun framlaga eftir landshlutum eftir því sem unnt er.

a. Tækniþróunarsjóður.

Hlutverk Tækniþróunarsjóðs er að styðja þróunarstarf og rannsóknir á sviði tækniþróunar sem miða að nýsköpun í íslensku atvinnulífi. Á tímabilinu 2009–2018 voru greiddir styrkir að fjárhæð alls 13.481.349 þús. kr. og má sjá skiptingu eftir landshlutum í töflu 1. Flestar umsóknir í sjóðinn eru af höfuðborgarsvæðinu, en árangurshlutfall er breytilegt milli landshluta og Vestfirðir skora hæst.


Tafla 1. Fjöldi og hlutfall umsókna og styrkja eftir landshlutum 2009–2018.

Landshluti	Sótt	Veitt	Hlutfall veitt/sótt	Styrkir þús. kr.	Hlutfall landshlutar
Annað	20	3	15%	31.000	0,2%
Austurland	24	5	21%	85.500	0,6%
Höfuðborgarsvæðið	2953	647	22%	12.009.283	89,1%
Norðurland Eystra	80	12	15%	229.926	1,7%
Norðurland vestra	60	7	12%	101.950	0,8%
Reykjanes	92	24	26%	476.595	3,5%
Suðurland	59	13	22%	216.465	1,6%
Vestfirðir	36	14	39%	219.130	1,6%
Vesturland	54	5	9%	111.500	0,8%
Samtals	3378	730	22%	13.481.349	100%

Til viðbótar má nefna að tveir samkeppnissjóðir, AVS-rannsóknasjóður í sjávarútvegi (aukið virði sjávarfangs) og Framleiðnisjóður landbúnaðarins, heyra undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra en stór hluti styrkja úr þeim sjóðum er nýttur til nýsköpunar. Hér má vísa til úttektar Daða Más Kristóferssonar á dreifingu styrkja eftir landshlutum á árunum 2014–2018 sem aðgengileg er á vefslóðinni:

<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=31b33f62-e5d8-11e9-944d-005056bc4d74>

Myndin hér á eftir sýnir skiptingu framlaga úr sjóðunum tveimur eftir landshlutum.



b. Styrkir til nýsköpunarfyrirtækja (R&Ð).

Lög nr. 152/2009, um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, með endurgreiðslum skatta tóku gildi í janúar 2010 og fyrstu endurgreiðslur voru árið 2011 vegna kostnaðar sem féll til 2010. Engar framhaldsumsóknir voru leyfðar fyrsta árið. Lögum samkvæmt er lögð inn umsókn fyrir hvert verkefni þannig að fjöldi umsókna endurspeglar ekki fjölda lögaðila. Þrátt fyrir að Rannís hafi samþykkt umsókn endurgreiðslu R&Ð er ekki víst að endurgreiðsla fái greidd. Endurskoðendur staðfesta kostnað og fylla út sérstakt eyðublað í skattskýrslu eftir að Rannís hefur tilkynnt RSK að verkefni félagsins geti notið endurgreiðslunnar. Endurgreiðslur eru greiddar af ríkisskattstjóra. Tafla 2 sýnir fjölda umsókna og endurgreiðslna á tímabilinu

2011–2018 og hlutfall umsókna sem fengu endurgreiðslu en í töflu 3 má sjá yfirlit yfir fjárhæðir endurgreiðslna í krónum.

Tafla 2. Fjöldi umsókna (S) og endurgreiðslna (E) vegna R&Ð á tímabilinu 2011–2018 í mismunandi landshlutum.

	2011		2012		2013		2014		2015		2016		2017		2018		Samtals		Samtals E/S
	E	S	E	S	E	S	E	S	E	S	E	S	E	S	E	S	E	S	
Austurland					1	1	1	1	1	1	2	2	2	2	3	4	10	11	91%
Höfuðborgarsvæðið	180	198	208	228	218	243	227	248	221	259	248	279	330	355	323	388	1955	2198	89%
Norðurland eystra			1	3	4	4	4	6	7	7	7	8	2	3	3	3	28	34	82%
Norðurland vestra	4	5	5	5	4	4	4	4	9	11	7	8	9	9	12	12	54	58	93%
Reykjanes	4	4	5	5	6	6	9	9	11	11	7	10	6	6	7	8	55	59	93%
Suðurland	1	2	1	1	1	1	1	1	2	2	1	1	1	1	1	1	9	10	90%
Vestfirðir	4	4	8	8	3	4	6	6	8	12	9	9	6	6	7	10	51	59	86%
Vesturland	1	3	1	1	6	6	8	9	9	10	5	7	7	8	16	18	53	62	85%
Samtals	194	216	229	251	243	269	260	284	268	313	286	324	363	390	372	444	2215	2491	89%

Tafla 3. Endurgreiðslur vegna R&Ð eftir landshlutum (upphæðir í kr.).

Landshluti	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	Samtals	%
Austurland				2.088.877	1.919.186	1.284.623	4.250.340	5.945.133	21.279.980	36.768.139	0,2%
Höfuðborgarsvæðið	607834.978	841.765.311	1.007.343.548	1.108.055.334	1.201.861.020	1.359.997.168	2.514.957.424	2.829.131.240	3.248.218.289	14.719.164.312	91,3%
Norðurland eystra			3.041.164	35.344.409	6.802.003	26.203.510	23.455.634	2.392.607		97.239.327	0,6%
Norðurland vestra	10085.809	11.501.992	16.420.668	16.380.080	17.394.247	22.267.546	22.767.394	25.775.640	24.651.125	167.244.501	1,0%
Reykjanes	2.227.761	8.515.353	16.984.213	31.313.200	41.294.181	34.096.329	18.481.914	13.078.775	19.551.736	185.543.462	1,2%
Suðurland		3.655.000	659.969	13.935.447	6.999.201	10.192.921	9.495.291	12.591.320	19.074.078	76.603.227	0,5%
Vestfirðir	13829.601	20.080.275	23.548.668	20.581.647	24.491.017	52.639.546	97.255.911	55.315.594	82.809.635	390.551.894	2,4%
Vesturland	626.100	20.000.000	16.746.070	12.221.954	3.062.351	50.932.637	93.600.228	97.058.754	161.454.255	455.702.349	2,8%
Samtals	634604.249	905.517.931	1.084.744.300	1.239.920.948	1.303.823.206	1.557.614.280	2.784.264.136	3.041.289.063	3.577.039.098	16.128.817.211	100%

Endurgreiðslur vegna R&Ð má skilgreina sem réttindasjóð þar sem þeir lögaðilar sem telja sig stunda rannsóknir og þróun og falla undir lög 152/2009, um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, sækja um endurgreiðslu. Eins og kemur fram í töflunni eru flestar umsóknir um endurgreiðslur af höfuðborgarsvæðinu. Í öllum landshlutum gildir hins vegar að yfir 80% þeirra sem sækja um endurgreiðslur hafa erindi sem erfði.

c. Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

Um þróun framlaga til hennar vísast til svars við 2. tölul. fyrirspurnarinnar um fjölda stöðugilda hjá stofnuninni eftir landshlutum.


d. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins.

Sjóðurinn nýtur ekki framlaga frá ríkissjóði og ekki liggja fyrir upplýsingar um fjárfestingar hans eftir landshlutum á síðustu 10 árum.

2. Hver hefur verið þróunin á fjölda stöðugilda hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands síðustu 10 ár eftir landshlutum?

Meðfylgjandi mynd sýnir fjölda stöðugilda hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands á árunum 2010–2019. Stofnunin er með starfsstöðvar í Reykjavík, á Akureyri, á Sauðárkróki, á Ásafirði og í Vestmannaeyjum. Efsta línan sýnir heildarfjölda stöðugilda, miðlínan sýnir stöðugildi í Reykjavík og neðsta línan sýnir stöðugildi á landsbyggðinni. Heildarfjöldi stöðugilda á árabílinu 2010–2019 hefur þróast frá því að vera 99,03 stöðugildi í 78,31. Stöðugildi í Reykja-

vík þróuðust á sama tíma úr 86,83 stöðugildum í 72,81 og á landsbyggðinni úr 12,2 stöðugildum í 5,5 stöðugildi.



3. *Hver hefur þróunin verið utan höfuðborgarsvæðisins á fjölda stöðugilda hjá öðrum stöðstofnunum nýsköpunar, til að mynda hjá atvinnuþróunarfélögum og/eða landshlutasamtökum þar sem það á við, eða öðrum þeim sem styðja við nýsköpun?*

Atvinnuþróunarfélög og landshlutasamtök falla undir samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti og eru því ekki á forræði atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis. Benda má þó á „Mat á framkvæmd sóknaráætlana landshluta 2015–2019“ sem unnið var af Evris fyrir samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið í maí 2019. Þar má m.a. í töflu 10 á bls. 20 skoða árangurshlutfall styrkumsækjenda eftir landshlutum, sjá vefslóðina:

<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=4ca231b1-765b-11e9-943c-005056bc530c>

Einnig má hér vísa í áður nefnda úttekt Daða Más Kristóferssonar um framlag til rannsókna og nýsköpunar eftir landshlutum 2014–2018.